

14. gr.

50. gr. orðist svo:

Nú gegnir einhver ekki skyldu sinni skv. 36. gr. eða skorast undan að láta þar nefndar upplýsingar, skýrslur og gögn af hendi, og skal þá ríkisskattstjóri skera úr um skilaskylduna og getur, ef þörf krefur, lagt við dagsektir, unz skyldunni er fullnægt.

Skiptaráðendur og skiptaforstjórar skulu, að viðlögðum dagsektum samkvæmt úrskurði ríkisskattstjóra, gefa skattstjóra skýrslu um fjármuni látinna manna, ef fjármunirnir nema meira en 10000 kr.

15. gr.

Lög þessi öðlast gildi þegar í stað og skulu koma til framkvæmda við álagningu tekjuskatts og eignarskatts fyrir skattárið 1963.

16. gr.

Þegar lög þessi hafa öðlazzt gildi, skal fella ákvæði þeirra inn í meginmál laga nr. 70 1962 og gefa lögín um tekjuskatt og eignarskatt út svo breytt.

Gjört að Bessastöðum, 20. maí 1964.

Ásgeir Ásgeirsson.

(L. S.)

Gunnar Thoroddsen.

L Ö G

um heimild fyrir ríkisstjórnina til þess að ábyrgjast lán
fyrir Flugfélag Íslands til flugvélakaupa.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að ábyrgjast lán fyrir Flugfélag Íslands til kaupa á flugvél, sem aðallega væri notuð á flugleiðum innanlands. Ábyrgð má veita fyrir allt að 80% af kaupverði flugvélar með fylgifé, þó eigi fyrir hærrí fjárhæð en 32 millj. kr. Ríkissjóður fái 1. veðrétt í vélinni og fylgifé og að öðru leyti þær tryggingar, sem ríkisstjórnin metur gildar.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört að Bessastöðum, 20. maí 1964.

Ásgeir Ásgeirsson.

(L. S.)

Gunnar Thoroddsen.